

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs á svæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Sorphirðugjald og sorpeyðingargjald innheimtast með álöggðum fasteignagjöldum ár hvert. Gjöld skv. 2.-4. gr. taka breytingum skv. vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í upphafi hvers árs.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði skv. eftirfarandi álagsgrunni.

Ílátastærð	Grátunna	Blátunna	Græntunna	Lífræn tunna
240 l ílát	16.400 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.	5.500 kr.
660 l ílát	49.100 kr.	16.400 kr.	16.400 kr.	
140 l ílát	9.600 kr.			3.200 kr.

Sorphirðugjald fyrir grunneiningu íláta er kr. 27.400 og inniheldur 240 l blátunnu, 240 l grátunnu, 240 l græntunnu og brúnt ílát í tunnu fyrir lífrænan úrgang. Hægt er að fá fleiri og/eða stærri ílát.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald kr. 29.500 af öllu húsnæði í Rangárvallasýslu, þ.e. íbúðar-, frístunda-, og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. rekstur grenndarstöðva, móttökustöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla þess veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi. Rekstraraðilar sem afsetja rekstrarúrgang á móttökustöðinni Strönd vegna atvinnureksturs skulu greiða fyrir það, sjá 4. gr. Gjaldtaka á Strönd er ekki hluti af sorpeyðingargjaldi sveitarfélagsins.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við þyngd og tegund úrgangsmagns sem afsett er.

Úrgangstegund	kr./kg m. vsk	Gjaldskyldir
Almennur heimilisúrgangur (grátunna)	58	Fyrirtæki/einstaklingar
Grófur og blandaður úrgangur óflokkaður	75	Fyrirtæki/einstaklingar
Harðplast og annað óflokkað plast – án úrvinnslugjalds	75	Fyrirtæki/einstaklingar
Harðplast með úrvinnslugjaldi (s.s brúsar, fötur)		
Heimilisplast	30	Fyrirtæki
Blandaður pappír/pappi	22	Fyrirtæki
Bylgjupappír	0	
Timbur, hreint	12	Fyrirtæki/einstaklingar
Timbur, litað	24	Fyrirtæki/einstaklingar
Garðaúrgangur, trjábólir, greinar og jarðvegur	6	Fyrirtæki
Óvirkur úrgangur (gler, flísar, postulín o.fl.)	12	Fyrirtæki/einstaklingar
Sláturúrgangur	35	Fyrirtæki/einstaklingar
Lífrænn heimilisúrgangur	27	Fyrirtæki
Heyrúlluplast, áburðarpokar – hreint	0	
Hjólbarðar	0	

Málmar	0	
Spilliefni, raftæki	0	
Heimsendur gámur, flokkaður – 35.000 kr.		Einstaklingar
Komugjald fyrir losun án klippikorts á gjaldskyldum úrgangi – 500 kr.		Fyrirtæki/einstaklingar

Heimilt að leggja á lágmarksgjald fyrir eðlislétt sorp (t.d. einangrunarplast) kr. 1.200 m<sup>3</sup>.

Heimilt er að innheimta útlagðan förgunarkostnað sem hlýst af móttöku spilliefna.

Ef óflokkað er í heimsendan gám skal greitt skv. þyngd innihaldsins. Heimsendir gámar eru einungis fyrir íbúa í Rangárvallasýslu.

Klippikort með 5 m<sup>3</sup> af gjaldskyldum úrgangi er í boði fyrir þá sem greiða sorpeyðingargjald.

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. 21. nóvember 2022 og staðfest af sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem reka Sorpstöð Rangárvallasýslu. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í Stjórnartíðindum. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 990/2021.

*Strönd, 21. nóvember 2022.*

**Eggert Valur Guðmundsson,**  
formaður stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2022